

Efni: Aðalskipulagsbreyting vegna Framnes og norðurhluta hafnarsvæðis í Grundarfirði

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar aðalskipulagsbreytingu fyrir Framnes og hafnarsvæði norður í Grundarfirði. Eftir að hafa kynnt sér greinargerðina vill Breiðafjarðarnefnd koma eftirfarandi á framfæri.

Framnes

Breiðafjarðarnefnd tekur undir nokkrar hugmyndir sem hafa komið fram í deiliskipulagsvinnu undir kafla 2.1 Framnes. Nánar er Breiðafjarðarnefnd sammála um eftirfarandi:

„Í deiliskipulagsvinnunni hafa komið fram hugmyndir um að sá hluti Nesvegjar sem er yst á Framnesi víki en þar verði göngustígur og áningarstaðir, auk uppbyggingar tengdri ferðaþjónustu. Í tengslum við þessar hugmyndir hefur sá möguleiki komið fram að ný vegtenging komi milli húsa 19 og 21 við Nesveg og að Sólvöllum á milli húsa nr. 8/10 og 16. Í aðalskipulagsupprætti er sett fram stefna um stofnvegi og tengivegi en aðrar götur, eins og þær sem eru á Framnesi, eru sýndar til skýringar en gert ráð fyrir að staðsetning þeirra sé fastsett í deiliskipulagi“¹.

Breiðafjarðarnefnd telur að svæðið yst á Framnesi sé mikilvægt í ljósi verndargildis Breiðafjarðar og er það að hluta innan verndarsvæðisins samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Þangfjaran við Framnes neðan grjóttgarðs hefur ekki verið breytt, eins og gamlar loftmyndir sýna². Breiðafjarðarnefnd telur æskilegt að undirstrika vernd fjörunnar á svæðinu og bæta við þessa hugmynd en gæta þarf laga um vernd Breiðafjarðar við nánara skipulag svæðisins til að raska sem minnst fjörum fjarðarins.

Hafnarsvæðið


Gert er ráð fyrir efnistöku fyrir landfyllingu á hafnarsvæði Grundarfjarðar samkvæmt aðalskipulagstillögu í kafla 2.2 hafnarsvæðið, þ.e.a.s.:

„gróft áætluð efnispörf fyrir landfyllingu um 2000 m³ og efnið í fyllinguna verður fengið úr námum í sveitarfélaginu á landi eða af hafsbótnei, bæði fínna efni og grjót. Gert er ráð fyrir gerð opinnar landfyllingar. Skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt nema að fengnu leyfi hjá Umhverfisstofnun, sem getur veitt leyfi til framkvæmda að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar“.

¹ Grundarfjarðarbær. (2023). *Hafnarsvæði og Framnes - Breyting á Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039 – Tillaga*, bls. 6-7.

² Sbr. umfjöllun um lofmyndir í umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna deiliskipulagslýsinga fyrir Framnes og hafnarsvæði norður í Grundarfirði. Loftmyndir eru auk þess settar í viðauka I þessarar umsagnar.

Breiðafjarðarnefnd bendir á möguleg áhrif efnistöku á landslag svæðis og búsvæði plantna og dýra. Breiðafjarðarnefnd telur að æskilegt sé að taka efni á nú þegar röskuðu svæði við Grundarkamp. Efnistaka við Grundarkamp hefur farið fram utan netlaga á u.þ.b. 10 metra dýpi, sbr. mynd 1.



Mynd 1: Svæðið við Grundarkamp í Grundarfirði þar sem efnistaka hefur farið fram að fengnu leyfi Orkustofnunar. Heimild: Hafsjá Hafrannsóknastofnunar.

Breiðafjarðarnefnd telur að best væri að lágmarka magnið sem verður tekið af hafsbotni til að minnka áhrif efnistöku á landslag og lífríki hafbotns Breiðafjarðar við mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar. Auk þess tekur Breiðafjarðarnefnd undir álit skipulagsstofnunar sem skrifaði 2018 um efnistöku á svæðinu að ...“í ljós þess að vitað er til að hrygning nytjafiska hefur átt sér stað á svæðinu er þó rétt að tímasetja efnisnám utan hrygningartíma nytjafiska...”³

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

³ Skipulagsstofnun. (2018). Efnisnámur á landi og sjó vegna byggingar Norðurgarðs, Grundarfirði – Ákvörðun um matsskyldu. <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1286/201709071.pdf>, bls. 4.

Viðauki I – Loftmyndir af Framnesi

Loftmynd frá 1969



Loftmynd frá 1974



Loftmynd frá 1983

